

17. gr.

Stjórnin er ráðgefandi um undirbúning útboða á vegum Innkaupastofnunar ríkisins og innkaupadeilda ríkisstofnana og eru útboðslýsingar háðar samþykki hennar. Hún fylgist með framkvæmd útboða svo og innkaupum á vörum og þjónustu og samræmir starfsaðferðir.

18. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja úr sæti ef rædd eru eða afgreidd viðskipti við fyrirtæki eða stofnanir sem þeir eiga hlutdeild í eða gæta hagsmuna fyrir. Stjórnin getur ákveðið um kaup á vörum og þjónustu samkvæmt tilboðum á grundvelli útboða að fenginni umsögn forstjóra og forstjóra hlutaðeigandi stofnunar. Ef ástæða þykir til skýtur stjórnin málefni til úrskurðar ráðherra.

19. gr.

Stjórnin ákveður hvort útboð skuli fara fram, þegar um innkaup er að ræða, ef vafi leikur á að útboð henti eða aðrar innkaupaaðferðir þykja henta betur. Einnig setur stjórnin reglur um fyrirkomulag minniháttar innkaupa ríkisstofnana.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 164/1959, um Innkaupastofnun ríkisins, numin úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 14. apríl 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Pórhallur Arason.

REIKNINGUR

Tryggingarsjóðs viðskiptabanka fyrir árið 1987.

REKSTRARREIKNINGUR 1987.

Tekjur:

Árgjöld viðskiptabanka	64 050 121
Verðbætur og vextir af verðbréfum	26 524 738
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	5 636 852
	<hr/>
Tekjur alls	96 211 711

Gjöld:

Stjórnarlaun	464 001
Annar rekstrarkostnaður	324 984
Launaskattur	16 240
Verðbreytingagjöld	12 233 960
	<hr/>
Gjöld alls	13 039 185

Hreinar tekjur	<hr/>
	83 172 526

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1987.**Eignir:**

Innistæða í Seðlabanka Íslands	5 836 406
Áfallnir vextir	1 183 378
Verðbréf	143 420 660
	<hr/>
	150 440 444

Skuldir og eigið fé:**Skuldir:**

Ógreiddur launaskattur	16 240
	<hr/>
Skuldir alls	16 240

Eigið fé:

Frá fyrra ári	55 017 718
Hreinar tekjur skv. rekstrarreikningi	83 172 526
Verðbreytingagjöld	12 233 960
	<hr/>
Eigið fé alls	150 424 204
	<hr/>
	150 440 444

Áritun endurskoðenda.

Ársreikning þennan fyrir Tryggingarsjóð viðskiptabanka höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1987, efnahagsreikningi 31. desember 1987, ásamt skýringum. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir sem nauðsynlegar þóttu.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag sjóðsins fyrir árið 1987.

Reykjavík, 9. febrúar 1988.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

Áritun stjórnar.

Reykjavík, 24. mars 1988.

Ólafur Örn Ingólfsson.

Arnljótur Björnsson.
Harald S. Andrésson.

Valur Valsson.

Staðfesting viðskiptaráðherra.

Ársreikningur þessi staðfestist hér með sbr. 13. gr. rg. nr. 54/1986.

Viðskiptaráðuneytið, 28. mars 1988.

Jón Sigurðsson.

Tryggvi Axelsson.